

## ÍMYND ÍSLENSKRAR TÓNLISTAR

Kristján Már Gunnarsson, MS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum, Háskóli Íslands  
Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor, Háskóli Íslands

Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna tengsl á milli vörumerki íslenskrar tónlistar og Íslenskra tónlistarmanna og komast að því hvort þeir geti nýtt sér þau tengsl. Rannsóknin sjálf var greining á umfjöllun um íslenska tónlistarmenn í breskum fjölmiðlum til að kanna vörumerki íslenskrar tónlistar. Niðurstöður sýna að íslensk tónlist er gríðarlega lituð af áhrifum Bjarkar og Sigur Rósar. Svo öflug eru þessi áhrif að hugtakið „Bjarkaráhrifin“ var skapað til að ná yfir þau. Rætt var sérstaklega um árangur íslensku hljómsveitarinnar Of Monsters and Men í því samhengi til að sýna hvernig umfjöllun um hljómsveit breytist þegar hún er ekki undir áhrifum Bjarkaráhrifanna. Leiða má líkur að því að klókir hljómsveitarmeðlimir geti nýtt sér vörumerki íslenskrar tónlistar sér til framdráttar ef þeir lúta ákveðnum skilyrðum.